

66. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 18. janúar 2012 í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9-11.

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörndóttir (formaður), Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

1. **Fundargerð 65. fundar.** Dögg Hringsdóttir kemur á fundinn og upplýsir um gang mála við að eyða færslum Geislavarna ríkisins, sbr. lið 2. Hún segir ganga vel að eyða þessum færslum og það er verið að tína upp það síðasta frá þeim. Þóra hefur svarað erindi því sem rætt var um í 3. lið og í 4. og 5. lið er uppfærsla í gangi. Fundargerðin samþykkt.
2. **Skráning á sýningarskrám.** Skráningarráð les yfir nýtt skjal frá vinnuhópi þar að lútandi. Skráningarráð þakkar hópnum fyrir vinnuna og skjalið mun rata sína leið inn í handbókina.
3. **Tónlistarhópur.** Vinnuhópur er enn að störfum.
4. **Greining útgáfuárs í greinifærslum.** Skoðað erindi um ósamræmi í greinifærslum tímarita/ársrita, þar sem í sviði 260 \$\$c kemur útgáfuár en í sviði 7731 \$\$g kemur heftis/árgangsár þess efnis sem verið er að greiniskrá. Þessum árum ber, eðlilega, oft ekki saman sérstaklega í ársskýrslum og þess háttar efni. Betri dæmi verða sett í handbókina.
5. **Skráning tengdra verka.** Það er nauðsynlegt að geta sett inn upplýsingar um *framhald af* og *framhald í*, en án þess að deilisvið n og w birtist með. Skráningarráð athugar hvernig þetta gæti komið út og rætt hvernig öðruvísi má koma þessum upplýsingum á framfæri. Athuga þarf einnig með birtingu þessara upplýsinga á „leitir.is“.
6. **Önnur mál.** Bæjarbókasafnið á Ísafirði er á leið í Gegni, einnig bókasafnið á Bolungarvík og Háskólasetur Vestfjarða.

Fleira var ekki rætt á fundinum og næsti fundur ákveðinn 14. mars.